

Áveitan

1. tbl. 7. árgangur. Janúar 2013

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundu sunnudaginn 20. janúar. Fundurinn hefst kl. 13:30 og eru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Vonumst eftir að sjá sem flesta féлага.

Stjórnin

Þorralót í Þjórsárveri

Laugardagskvöldið 2. febrúar n.k. verður hið árvissa þorralót haldið í Þjórsárveri. Húsið opnar kl. 20:30 og borðhald hefst kl. 21:00. Það er Veisluþjónusta Suðurlands sem sér um að reiða fram þjóðlega rétti eins og hver getur í sig látið. Að loknum skemmtiatriðum verður það svo hljómsveitin *Strákarnir mínir* sem mun halda upp fjöri á dansgólfinu fram eftir kvöldi. Miðapantanir eru á Hurðarbaki í síma 486-3345 og 892-4155. Panta þarf í síðasta lagi mánudaginn 28. janúar. Sjáumst sem flest með góða skapið meðferðis.

Nefndin

Fjölskylduguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 13. janúar kl. 13:30. Allir hjartanlega velkomnir.

Sóknarnefnd



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ég sendi ykkur mínar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakkar fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða. Megi nýtt ár verða ykkur öllum bæði gjöfult og gott.

Árið 2012 var tiltölulega rölegt hvað varðar ákvarðanir og framkvæmdir í Flóahreppi. Nokkur atriði standa þó uppúr þegar árið er gert upp. Varmadælar voru settar í Þjórsárver og Félagslund. Tvær loft/loft dælur voru settar upp í Þjórsárveri og ein loft/vatn dæla og ein loft/loft dæla voru settar upp í Félagslund. Þessi framkvæmd gekk vel og í október fékk sveitarfélagið endurgreiðslu vegna orkureikna sem nam hundruðum þúsunda.

Nokkur vinna hefur verið lögð í að meta möguleika þess að flytja leikskólann í Villingaholt og bera saman þann möguleika miðað við óbreytta staðsetningu leikskólans.

Enn hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um endanlega staðsetningu leikskólans en reiknað er með að láta meta hvort sé hagkvæmara, rekstarlega og faglega að hafa leikskólann þar sem hann er staðsettur eða færa hann að grunnskólanum.

Skólastefna fyrir Flóahrepp er í vinnslu og gengur sú vinna vel. Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga má sjá að stór þáttur í því að stýra sveitarfélagi sem rekur skóla er að móta skólastefnu. Fjármunir sveitarfélaga eru takmarkaðir og sífellt eru gerðar meiri kröfur til sveitarfélaga um að þau ráðstafi aðföngum sínum á hagkvæman og skynsamlegan hátt og forgangsraði í þeim verkefnum sem eru í þeirra höndum. Slíkt krefst skýrrar stefnu, skipulags og áætlana sem eru leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku stjórnenda og starfsmanna. Skólastefna er lykilatriði þar sem rekstur grunnskóla er víðamesti kostnaðarliður sveitarfélaga.

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri óskaði eftir ársleyfi frá störfum sínum á vordögum og var Guðmundur Freyr Sveinsson ráðinn í hennar stað til eins árs.

85 ára afmæli Flóaafeitunnar var haldið hátíðlegt á Fjöri í Flóa í byrjun júní. Við sama tilefni var vegslóði að Flóðgáttinni vígður. Hátíðin tókst vel og fjöldi manns mætti í blíðskaparveðri.

Viðburðir Fjörs í Flóa voru vel sóttir enda lék veðrið við Sunnlendinga þessa helgi.

„Fjörið“ fer stöðugt vaxandi og hefur fest sig í sessi í sunnlenskri viðburðaflöru.

Húsvörður var ráðinn við Flóaskóla á haustdögum sem einnig mun starfa sem húsvörður í Þjórsárveri. Það var Rúnar Magnússon sem var ráðinn til starfans.

Jörðin Yrpuholt var seld á árinu og fengust fyrir hana 36 mkr.

Kannaðir voru möguleikar þess að leggja ljósleiðara í Flóahreppi. Gerð var áætlun um hönnun og kostnað við lagningu ljósleiðara sem reyndist vera sveitarfélaginu ofviða eða um 307 mkr. Áfram verða þó skoðaðir möguleikar þessa, m.a. með fyrirspurn um mögulega aðkomu ríkisins að fjarskiptamálum í dreifbýli eða skoðun á

öðrum möguleikum til að koma íbúum Flóahrepps í betra samband við umheiminn.

Fréttir frá sveitarstjórn og skrifstofu hafa birst í fréttablaðinu Áveitunni um hver mánaðarmót til að halda lesendum sem best upplýstum um það sem helst er á döfinni hverju sinni. Einnig eru fundargerðir, ýmsar fréttir og auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is fyrir þau ykkur sem hafið tók á að nýta ykkur tölvutæknina.

Íbúar eru hvattir til að senda upplýsingar um hvaðeina sem er á döfinni til að nota heimasíðuna sem upplýsingaveitu, t.d. á viðburðadagatalið.

Það eina sem þarf að gera er að senda upplýsingar, fréttir og/eða auglýsingar til sveitarstjóra á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Einnig má senda fréttir og upplýsingar um hvaðeina sem íbúum dettur í hug að eigi erindi til sveitunga en með því móti verður síðan meira lifandi.

Stjórnsýslan

Skrifstofa Flóahrepps er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00-16:00 og á föstudögum frá kl. 9:00 – 13:00.

Skiptiborð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.floahreppur.is

Netfang sveitarstjóra er floahreppur@floahreppur.is

Netfang oddvita er adalsteinn@floahreppur.is

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar kl. 20:00, fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg.

Erindi sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa að berast fyrir hádegi á föstudegi fyrir fundardag.

Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00, sími 486-1145.

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags- og byggingarfulltrúa er: <http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/index.cfm?page=fors>

þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags- og byggingarnefnda. Til að komast á síðuna er best að fara á síðu Flóahrepps, www.floahreppur.is og smella á hnapp hægra megin á síðunni sem merktur er embættinu.

Velferðarþjónustan Árneshvíls er með þrjár starfsstöðvar og einn sameiginlegan félagsmálastjóra og eina velferðarnefnd sem fer með málefni félagsþjónustu og barnaverndar.

Félagsmálastjóri Árneshvíls er María Kristjánsdóttir. Hún er með aðsetur að Sunnumörk 2, Hveragerði og síma 483-4000, netfang maria@hveragerdi.is

Félagsráðgjafi á starfssvæði Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir með aðsetur í Laugarási, Bláskógabyggð. Hún er með síma 480-1180 og netfangið nanna@laugaras.is.

Fulltrúi Flóahrepps í velferðarnefnd er Alma Anna Oddsdóttir, alma@mattur.is
Fræðslunefnd Flóahrepps heldur fundi einu sinni í mánuði. Formaður fræðslunefndar er Elín Höskuldsdóttir, elin@floahreppur.is.
Formaður atvinnu- og umhverfisnefndar er Árni Eiríksson, arni@floahreppur.is
Sími hjá hundafangara Flóahrepps, Ragnari Sigurjónssyni er 859-9559.
Sími hjá vaktmanni Vatnsveitu Flóahrepps er 862-6848.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykktir.

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir **1. febrúar** ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Uppfært í desember 2012

	2013		2013	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	2.273.940	100%	3.012.233	100%
Allt að	2.544.862	75%	3.429.529	75%
Allt að	2.814.498	50%	3.845.545	50%
Allt að	3.077.718	25%	4.262.835	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Umsóknir berist til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg. Reglurnar í heild má nálgast á heimasíðu Flóahrepps, http://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2011/12/fasteignagjold_reglur_20131.pdf eða á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg.

Þakkir til kvenfélags Hraungerðishrepps

Sveitarstjórn bókaði á síðasta fundi sínum þakklæti til kvenna í kvenfélagi Hraungerðishrepps fyrir veitingar sem þær gáfu 16. nóvember s.l. í tilefni af boði sem haldið var á degi íslenskrar tungu. Boðið var haldið í Þingborg að frumkvæði starfsfólks leikskólans Krakkaborgar í samráði við Flóahrepp. Elstu börn leikskólans sungu fyrir gesti og Halla Aðalsteinsdóttir í Kolsholti sagði börnunum sögur af jólahaldi á árum áður. Það er von sveitarstjórnar, starfsfólks leikskóla og kvenfélagskvenna að þetta verði að árlegum viðburði á degi íslenskrar tungu enda var boðið afar skemmtilegt og vel heppnað.

Uppskeruhátíð

Hrossaræktarféлага Flóahrepps verður haldin laugardagskvöldið 19. janúar 2013 í Þingborg kl.20:30. Veislustjóri verður Rósa Birna.

Dagskrá: Þekktur hestamaður með fyrirlestur.

Verðlaunaveiting félaganna.

Veitt verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Frítt verður inn og veitngar seldar á vægu verði.

Ekki verður posi á staðnum, gott að hafa með sér seðla.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

Glímufréttir:

Æfingar

Glímuæfingar hefjast á nýjan leik mánudagskvöldið 7. janúar kl. 20 til 21.

Æfingarnar eru opnar öllum. Á fimmtudagskvöldum verður síðan fram haldið æfingum fyrir iðkendur 14 ára og eldri frá kl. 20 til 21 og hefjast þær æfingar 10. janúar. Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson

Marín Laufey valin glímukona ársins

Nú í nóvember valdi stjórn Glímusambandsins glímufólk ársins. Marín Laufey Davíðsdóttir Samhygð var valin glímukona ársins líkt og fyrra. Í umsögn stjórnarinnar segir eftirfarandi:

Marín Laufey er 17 ára gömul og átti frábæru gengi að fagna á glímuvellinum árið 2012. Marín sigraði í Íslandsglímuni 2012 og hlaut þar með Freyjumenið í annað sinn. Marín er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan.

Marín Laufey er hér með óskað til hamingju með útnefninguna.

Glímumót framundan

Bíkarglíma Íslands laugardaginn 19. janúar kl. 12:00 í íþróttahúsi Kennaraskólans.

Grunnskólámót HSK miðvikudaginn 6. febrúar á Hvolsvelli kl. 11:00.

Meistaramót Íslands 3. umferð laugardaginn 16. febrúar kl. 12:00 í íþróttahúsi Kennaraskólans.

Héraðsmót HSK í Reykholti fimmtudagskvöldið 28. febrúar kl. 19:00.

Fréttir úr Flóaskóla!

Desemberdagskráin gekk vel í Flóaskóla. Börnin tóku þátt í fjölbreyttu og skemmtilegu starfi. Það var yndislegt að sjá hversu yfirveguð, áhugasöm og jákvæð börnin voru á þessum annatíma. Nemendur og starfsmenn fóru því glaðir í jólafrí eftir vel unnin störf á haustönninni en eitt af því síðasta sem við gerðum var að taka á móti höfðinglegri gjöf frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps. Elin Höskuldsdóttir og Margrét Jónsdóttir færðu skólanum, fyrir hönd félagsins, eitt stykki Ipad ásamt útgáfuverkinu *Íslensk listasaga* sem gefin er út í fimm bindum. Bækurnar eru samtals 1400 blaðsíður, þar sem fjallað er um rúmlega 400 listamenn og birtar yfir 1000 ljósmyndir af listaverkum. Bæði bækurnar og Ipadinn munu nýtast skólanum afar vel í kennslu og færur við Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Framundan er vorönnin með öllum sínum væntingum og viðburðum. Eitt af því fyrsta sem við ætlum að gera er að klára að skjávarpavæða kennslustofurnar í skólanum. Í haust var það 5.-10. bekkur sem fékk skjávarpa og tölvur í sínar heimastofur en nú er komið að 1.-4. bekk auk myndmenntastofunnar. Þessar framkvæmdir hafa mælst mjög vel fyrir meðal kennara og nemenda og því má segja að vissum áfanga í tæknivæðingu skólans verði náð nú í janúar.

Í vetur hefur fræðslunefnd, æskulýðsnefnd og stjórnendur Krakkaborgar og Flóaskóla unnið að gerð skólafestinn Flóahrepps undir stjórn Hránnar Pétursdóttur. Hópurinn er búinn að hittast reglulega í haust. Næsta skref er að fá alla starfsmenn Flóaskóla að stefnumótunarborðinu í heilan dag og því hefur verið ákveðið með samþykki sveitarstjórnar að fella niður kennslu fimmtudaginn 17. janúar. Markmiðið er að vinnunni ljúki í vor þar sem boðið verður til almenns íbúafundar um málið.

Eftir farsælt skólastarf haustið 2012 er óhætt að segja að við hlökkum til að hefja starfið á vorönn 2013 í góðu samstarfi við nemendur, foreldra og aðra velunnara skólans í sveitarfélaginu.

Bestu kveðjur,
Guðmundur Freyr Sveinsson,
skólastjóri Flóaskóla.

Kertastubbar óskast

Við í Flóaskóla óskum eftir kertastubbum og kertum sem fólk vill losa sig við. Litir og stærð skipta ekki máli. Hægt er að senda kertin með börnum í skólann eða með öðrum leiðum. Einnig hægt að koma þeim heim til Oddnýjar í Brandshúsum 4.

Bestu kveðjur,
Oddný myndmenntarkennari, s 822-3565

Hrossaræktarfélag Villingaholtshrepps: DRÖG AÐ DAGSKRÁ FYRIR VETURINN 2013

- Sameiginleg uppskeruhátíð hrossaræktarfélaga í Flóahrepp 19. janúar 2013. Haldið í Þingborg.
- Folaldasýning laugardaginn 16. febrúar 2013.
- Aðalfundur Hrossaræktarélags Villingaholtshrepps kl. 20.30 miðvikudaginn 6.mars.2013.
- Ræktunar- og skemmtiferð laugardaginn 9.mars. 2013 áætlað dagsferð.
- Ungfolasýning 2.og 3.vetra raða í sæti eftir aldri, félögin í Flóahrepp standa sameiginlega að sýningunni kl. 20.30 föstudaginn 22.mars.2013.
- Stjórn hefur ákveðið að senda út árgjöld fyrir árið 2012 og 2013 í gegnun banka þannig að hægt sé að greiða þau í heimabanka .

Stjórnin

Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur.
Uppl. í 865-7001 Einar Magnússon.

VIG

Vélsmiðja Ingvars Guðna
Tanga 801 Selfoss
S: 486-1810 vig@vig.is
www.vig.is

12 ára

LÉTHLÍÐ
GJAFAGRINDUR
RENNUBÖND
ÖRYGGISLÁR
ÞVOTTASNÚRUR
GÖNGUBRÝR
BEYGGJUVÉLAR
SUDULAMIR
GIRDINGASTIGAR
O.M.FL. www.vig.is

Okkur er sönn ánægja að benda á þá fjölmörgu samstarfsaðila sem við höfum eignast á þessum árum. Með góðu samstarfi VIG og endursöluaðila hefur okkur tekist að koma VIG vörum á hagkvæman hátt til okkar góðu viðskiptavina um land allt.
NÚ FÁST VIG VÖRUR Á 38 STÖÐUM!
SPURÐU UM ÍSLENSKAR VIG VÖRUR Í ÞINNI HEIMABYGGÐ.

Búvís **+ FOSSBERG** **JÖTUNN/VÉLAR** **BYKO** **ALFABORG**

Poulsen **M3M** **LANDSTÓLPI** **Pakkhúsið Helli ehf.** **SINDRASON**

HÖSABÍÐIAN **LÍFLAND** **Vöðval Vestmabíll** **GA SMÍÐAJÄRN** **Bú Afþöng**

Frá UMF Baldri:

Aðalfundur Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs var haldin þann 3. janúar síðastliðinn í Þingborg. 20 félagar mættu á fundinn og er gaman að sjá að svo margir skuli mæta miðað við marga aðalfundina þar á undan. Þrjár breytingar urðu á stjórn félagsins þetta árið. Þeir Ágúst Hjálmarsson og Einar Magnússon varamenn í stjórn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í þeirra stað voru kosin þau Jón Gautason og Hjördís Björg Viðjudóttir.

Baldur Gauti Tryggvason sem verið hefur formaður síðastliðin 3 ár gaf kost á sér til áframhaldandi starfa en bauð jafnframt upp á það að ef fólk vildi skipta um formann þá væri hann líka til í að hætta eins og hann hafði verið að tala um þetta árið og jafnvel taka að sér önnur störf innan stjórnar. Kosning um formann endaði því þannig að þeir höfðu sætaskipti, Baldur og Rúnar Hjálmarsson sem áður var varaformaður. Aðrar breytingar urðu ekki á stjórnarskipan sem má sjá hér að neðan.

Félagið var rekið með rúmlega 300.000 kr. hagnaði árið 2012 og er það vel. Meðal stærstu tekjuliða félagsins er þorablót og Unglingalandsmót UMFI. Gáfu þessir liðir okkur góðar tekjur á árinu 2012. Nú er svo komið að Umf. Baldur á í sjóðum á 4 milljón og vill félagið fara að nota þessa peninga til þarflegra hluta. Eru allar hugmyndir þar um vel þegar og skulu sendast til stjórnarmeðlima.

Ýmislegt var rætt á fundinum meðal annars hlutverk Ungmennafélagsins í sveitinni, það er meðal annars að stuðla að menningar- og skemmtanalífi meðal íbúa ásamt því að halda úti því íþróttastarfi sem talinn er mest þörf og eftirspurn eftir. Þá var talað um hlut íbúa og félaga í félaginu til að það geti haldið áfram að starfa og dafna, en svoltitil lægð hefur verið í því að fá nýtt fólk til starfa en vonandi verður gerð bót á því á næstu árum, allavega töldu fundarmenn það ekki vandamál.

Þá var komið inn á að sama fyrirkomulag verður viðhaft á Landsmóti UMFI sem verður á Selfossi 4-7 júlí 2013 og var á Unglingalandsmótinu síðastliðið sumar, þ.e.a.s. að félagið útvegar starfsmenn á mótinu og fær greitt fyrir hverja vinnustund sem það skilar í nafni félagsins á mótinu. Þetta fyrirkomulag gaf okkur rúmar 56. þús krónur á ULM og vonandi náum við að fá einhverjar krónur inn á Landsmótinu næsta sumar einnig.

Að lokum voru borðaðar pizzur og drukkið gos ásamt því að horfa á þorablótsannál Umf. Baldurs frá því 2012.

Stjórn og nefndir Baldurs árið 2013:

Stjórn:

Rúnar Hjálmarsson formaður

Elín Magnúsdóttir ritari

Guðmundur Bjarnason meðstjórnandi

Til vara: Jón Gautason

Baldur Gauti Tryggvason varaformaður

Svanhvít Hermannsdóttir gjaldkeri

Hjördís Björg Viðjudóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Hafsteinn Stefánsson

Gísli Hauksson

Skemmtinefnd:

Hjördís Björg Viðjudóttir, formaður

Birna Almarsdóttir

Harpa Almarsdóttir

Guðmundur Bjarnason

Margrét Helga Steindórsdóttir

Birgitta Kristín Bjarnadóttir

Helga Margrét Höskuldadóttir

Sigurður Andri Jóhannesson

Anton Þór Ólafsson

Elsa Margrét Jónasdóttir

Þórunn Ösp Jónasdóttir

Til vara:

Sunna Skeggjádóttir

Eyrún Gautadóttir

Hólmar Höskuldsson

Hannes Höskuldsson

Íþróttanefnd:

Jón Gautason formaður

Sunna Skeggjádóttir

Eyrún Gautadóttir

Hanna Kristín Ólafsdóttir

Elsa Margrét Jónasdóttir

Þórunn Ösp Jónasdóttir

Til vara:

Hólmar Höskuldsson

Hannes Höskuldsson

Ölsölunefnd:

Harpa Almarsdóttir formaður

Anton Þór Ólafsson

Birgitta Kristín Bjarnadóttir

Margrét Helga Steindórsdóttir

Ritnefnd

Baldur Gauti Tryggvason fulltrúi í

ritstjórn Áveitunnar

Til vara:

Einar Magnússon

Agúst Hjálmarsson

Ræktunarnefnd

Skeggi Gunnarsson

Gauti Gunnarsson

Einar Hjálmarsson

Þorrablót

Þorrablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið þann 26. janúar nk. í Þingborg. Auglýsing um þorrablótíð berst til íbúa Hraungerðishreppsins fyrrum og annarra áskrifenda í kringum helgina 11-13 janúar. Þar verða allar upplýsingar um hvenær og hvar eigi að panta miða. En fyrir óþolinmóða, má byrja að panta miða hjá Baldri í síma 867-3538/776-3538 eða Svanhvíti á Lambastöðum í síma 482-2911.

Dagskrá blótsins verður með hefðbundnu sniði eins og venjulega. Að loknu áti á súrum hrútsþungum, kæstum hákarli og fleiri eðalkræsingum, munu ungmennafélagar og Sandvíkingar renna yfir það helsta sem gerðist á árinu 2012 í spéspegli. Að því loknu tekur við ball með hinni stórgóðu hljómsveit Stuðlabandinu sem allir ættu orðið að kannast við, langt fram á nótt.

Reglur vegna styrkja

A stjórnarfundum í Umf. Baldur í lok árs 2012, setti stjórn saman reglur um hvernig skuli bera að veitingu styrkja til félaga í Umf. Baldri. Hægt er að hafa samband við stjórn til að fá nánari upplýsingar um þessar reglur. Er þær að finna hér að neðan og einnig verða þær aðgengilegar á netinu.

Um leið er minnt á hvatagreiðslur frá Flóahreppi sem og reglur um styrki vegna æfinga- og keppnisferða. Allar upplýsingar um það er að finna á heimasíðu Flóahrepps á <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/>

Reglur um styrkveitingar til félaga í Ungmennafélaginu Baldri

1. Markmið

Sýna félögum í Umf. Baldri stuðning við þátttöku á íþróttamótum ýmiskonar, keppnisferðum og æfingum eða þá þátttöku í öðrum verkefnum s.s. listum, tómstundum og öðru því sem stjórn félagsins þykir við hæfi að veita styrki vegna.

2. Skilyrði fyrir veitingu styrkja

Umsækjandi skal vera skráður í Ungmennafélagið Baldur og vera samþykktur félagi. En nýir félagar eru samþykktir í félagið á félagsfundum þess s.s. aðalfundi ár hvert. Ekki er skilyrði að umsækjandi skuli búa á félagssvæði Umf. Baldurs.

Þó er heimilt að veita styrki til verkefna sem á einhvern hátt tengjast Umf. Baldri, ungmennafélags- og íþróttahreyfingunni og öðru því sem stjórn Umf. Baldurs þykir við hæfi og mögulega gæti styrkt stöðu ofangreindra hreyfinga.

3. Fylgigögn vegna umsóknar

Staðfesting vegna greiðslu þátttökugjalda eða æfinga- og ferðakostnaðar. Ef ekkert slíkt er fyrir hendi og sótt er um styrk vegna annarra verkefna skal skilað greinargóðri lýsingu á markmiðum verkefnisins ásamt kostnaðaráætlun.

4. Greiðslur

Hægt er að sækja um styrki allt árið. Fjallað er um styrkumsóknir á stjórnarfundum félagsins sem haldnir eru eins oft og þurfa þykir. Greiðsla á styrk til umsækjanda fer ekki fram fyrir en búið er að fjalla um styrkinn í stjórn og hann samþykktur.

Upphæð styrks getur ekki verið hærri en sem nemur æfinga/þáttökugjalda viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.

Styrkir til æfinga- og keppnisferða er veittur sem nemur allt að helming ferðakostnaðar en þó að hámarki 20.000 kr. á einstakling.

Styrkumsóknir sem falla ekki undir ofangreind skilyrði verða metnar af stjórn Umf. Baldurs sem ákvarðar hvort og hversu hár styrkur skuli greiddur út.

Að lokum

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáid fréttirnar beint í æð.

Fréttir frá aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárverri 2. janúar sl. Ágæt mæting var á fundinn en fundarmenn voru um 20 talsins. Fundarstjóri var Tómas Karl Guðsteins-son og fundarritari var Helga B. Helgadóttir.

Stjórn og nefndarformenn fluttu skýrslur sínar og reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

Laufey Einarsdóttir og Tómas Karl Guðsteinsson gáfu ekki kost á sér áfram sem formenn skemmti- og íþróttanefndar og urðu úrslit kosninga þessi:

Formaður Guðmunda Ólafsdóttir

Gjaldkeri Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ritari Helga B. Helgadóttir

Formaður íþróttanefndar Bjarni Már Ólafsson

Formaður skemmtinefndar Sveinn Orri Einarsson

Formaður ritnefndar Fanney Ólafsdóttir

Varastjórn Erla Björg Aðalsteinsdóttir, Þorsteinn Logi Einarsson og Haraldur Einarsson.

Fulltrúar á héraðsþing Guðmunda Ólafsdóttir og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir til vara.

Að loknum kosningum var gert hlé þar sem snædd var skúffukaka og drukkin ísköld ógerilsneydd mjólk með.

Næst voru verðlaunaafhendingar: Bikar fyrir bestu afrek unglunga og fullorðinna hlutu bræðurnir á Urriðafossi Arnar og Haraldur Einarssynir. Arnar fyrir 100 m hlaup 11,7 sek sem gefur 981 stig, og Haraldur fyrir 60 m hlaup innanhúss 7,19 sek sem gefur 867 stig. Íþróttamaður ársins var kjörinn Bjarni Már Ólafsson sem náði frábærum árangri í þristökki á árinu, varð margfaldur Íslandsmeistari innanhúss og utan- bæði í fullorðinsflokkum og aldursflokkum. Þá bætti hann Vökumetið í þristökki á árinu bæði innan- og utanhúss er hann náði í fysta sinn yfir 14 metra, 14,06m. Félagsmálabikarinn hlaut Laufey Einarsdóttir fyrir afar gott starf sem skemmtnefndarformaður og fyrir að virkja unga félagsmenn með sér í hin ýmsu verkefni og fá þannig fleiri inn í starfið.

Undir liðnum önnur mál sköpuðust góðar umræður um starfið framundan. Hugur var í fólki að halda áfram með dansleikjahald á Fjör í Flóa, rætt var um Landsmót UMFÍ á Selfossi, styrkveitingar til afreksmanna, þrettándagleðina framundan og 10 ára afmælishátíð leikdeildar félagsins sem halda á í apríl.

Fundi var slitið á tólfta tímanum.

Pistillinn– tilraun til endurlifgunar

Góðir lesendur. Nú verður gerð tilraun til að endurvekja pistillinn góða sem legið hefur í láginni undanfarna mánuði. Eins og flestir muna gengur hann þannig fyrir sig að lesandi skrifar pistil og skorar svo á næsta pistlahöfund. Ritstjórn vill auðmjúklega biðja þá sem skorað er á að skrifa og senda okkur pistilinn sjálfviljugir í síðasta lagi 25. hvers mánaðar. Ritstjórn skorar á nýendurkjörinn formann Umf Vöku, Guðmundu Ólafsdóttur að skrifa pistil í næstu Áveitu.

Hjónaskemmtun Gaulverja – Þorrablót

Þann 9. febrúar verður haldin í Félagslundi hin árlega Hjónaskemmtun Gaulverja. Húsið opnar kl. 20:00 og hefst borðhald kl. 20:30. Veisluþjónusta Suðurlands undir dyggri handleiðslu Ole Olesen sér um reiða á borð þjóðlegar þorrakræsingar og Labbi og Karma spila fyrir dunandi dansi. Miðapantanir eru til sunnudagsins 3. febrúar hjá Jóhanni Snorra Arnarssyni Brandshúsum 1 í síma 864-8243, Ástu Hrönn Ásgeirsdóttur Brandshúsum 6 í síma 772-5045 og í Dalbæ í síma 486-3394.

Sjáumst hress og kát
Nefndin

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn mánudagskvöldið 14. janúar klukkan 21:00 í Þingborg. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Kaffi og meðlæti verður selt á staðnum.

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri	8. janúar
Glímuæfing eldri	10. janúar
Fjölskyldumessa í Villingaholtskirkju	13. janúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishr.	14. janúar
Glímuæfing	14. janúar
Æfing eldri	15. janúar
Glímuæfing eldri	17. janúar
Uppskeruhátið Hrossaræktarfélaganna	19. janúar
Aðalfundur Umf Samhygðar	20. janúar
Glímuæfing	21. janúar
Æfing eldri	22. janúar
Glímuæfing eldri	24. janúar
Þorrablót í Þingborg	26. janúar
Glímuæfing	28. janúar
Æfing eldri	29. janúar
Glímuæfing eldri	31. janúar
Þorrablót í Þjórsárveri	2. febrúar
Þorrablót í Félagslundi	9. febrúar



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160